Heimilt er að ráða tímabundið án auglýsingar til starfa kennara með starfsheitið aðjunkt II í allt að 49% starf þar sem allt að 90% vinnuskyldu er kennsla og prófvinna.

Samráðsnefnd Háskólaráðs um kjaramál og Félag háskólakennara hafa komist að eftirfarandi samkomulagi um launaröðun þeirra sem bera starfsheiðið aðjunkt II. Launaröðunin er innan launatöflu S (695) og fer eftir menntun viðkomandi.

| | **Launaflokkur** |
|---|---|
| BA/BS | 695.053 |
| Viðbót við BA/BS, diplóma (60 ECTS) | 695.063 |
| MA/MS | 695.073 |
| DR | 695.093 |

Ákvörðunin tekur gildi 1. september 2016 með þeim fyrirvara að laun samkvæmt núverandi ráðningarsamningi lækki ekki. Aðjunkt II sem verið hefur samfellt í starfi a.m.k. tvö ár í 25% starfshlutfalli á þess kost að fá röðun sína endurskoðaða innan launatöflu S (695) með hliðsjón af niðurstöðu mats skv. matskerfi opinberu háskólanna.